

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
143. fundur.

Miðvikudaginn 22. janúar 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Erindi frá Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa, dags. 29. desember 2013.** (Skipulags- og byggingarfulltrúi situr fundinn undir þessum lið)
3. **Fundargerðir:**
 - a) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 20. janúar 2013.
 - b) Stjórnar Hveravallafélagsins, dags. 17. desember 2013.
 - c) Stjórnar Byggðasaml- um menningar og atvinnumál, dags. 25. nóv. 2013.
 - d) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 7. janúar 2014.
 - e) Fulltrúaráðsfundar Textílseturs Íslands, dags. 10. desember 2013.
 - f) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 9. desember 2013.
 - g) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, dags. 7. janúar 2014.
 - h) Stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga, dags. 13. desember 2013.
4. **Skýrsla KPMG um hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í Austur-Hún.**
5. **Bréf:**
 - a) Frá Tækifæri hf, dags. 03.12.2013.
 - b) Frá Vilko ehf, dags. 09.01.2014.
 - c) Frá ASÍ, dags. 13.01.2014.
 - d) Frá undirbúningsstjórn um stofnun byggðasamlags um málefni fatlaðra, dags. 15.01.2014.
6. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

Eftirfarandi breyting var samþykkt á boðaðri dagskrá: Erindi frá Þóru Margréti Lútherdóttur, dags. 20. janúar 2014, tekið fyrir undir dagskrárlið 5 e)

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Frestur til athugasemda frá helstu umsagnaraðilum um skipulags- og matslýsingu Blönduveitu hefur verið framlengdur til 31. janúar 2014.

Kynnt var skýrsla um virkjanir á veituleið Blöndu, staðsetningu efnislosunarsvæða og frágang raskaðs yfirborðs.

Á ákveðnum svæðum í sveitarfélaginu er netkerfi Emax (iCell ehf) ekki að virka eins og um var samið. Sveitarstjóra var falið að fylgja því eftir að þjónustusali standi við gerða samninga um bætt netsamband og viðhaldsþjónustu.

Kynntar voru fyrirætlanir um tölvukaup og þjónustusamning um hýsingu og rekstur tölvukerfa í Húnavallaskóla og á skrifstofu sveitarfélagsins.

Rætt var um hálkuvarnir.

2. Erindi frá Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa, dags. 29. desember 2013.

Skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn undir þessum lið. Bjarni Þór Einarsson kynnti gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa, sem byggingarfulltrúar þurfa að koma sér upp fyrir árið 2015 og faggildinu fyrir árið 2018, ef sveitarfélög vilja fela byggingarfulltrúum sínum yfirferð hönnunargagna og úttektir framkvæmda. Að öðrum kosti

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps

143. fundur.

verða sveitarfélög að leita til faggiltra skoðunarstofa sem hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar á viðkomandi sviðum. Til að uppfylla kröfur um skjalaskráningu, rekjanleika og aðgengi að gögnum er nauðsynlegt að taka upp rafrænt skjalaskráningar- og upplýsingakerfi byggingarfulltrúa. Óhjákvæmilega mun þetta leiða af sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið. Bjarni yfirgaf fundinn.

3. Fundargerðir:

a) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 20. janúar 2013.

Fundargerðin er í 6. dagskrárliðum.

1. Erindi frá eigendum Barkarstaða í Svartárdal, dagsett 13. 12. 2013, umsókn um stofnun lóðar fyrir frístundahús úr landi Barkarstaða, lnr. 145339. Sótt er um að lóðin verði leyst úr landbúnaðarnotum og að lögbýlisréttur og hlunnindi fylgi upprunalandinu. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
2. Erindi frá Þórunni Magnúsdóttur, Auðólfsstöðum lnr. 145336, dagsett 13.01.2014, umsókn um byggingarleyfi og breytta notkun á matshluta 14 úr flatgryfju í gripahús. Aðaluppdrátt og skráningartöflu vantar. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi hönnunargögn. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn. Ingibjörg Sigurðardóttir sat hjá við afgreiðslu þessa máls.
3. Erindi frá Bjarka Kristjánssyni, Svínavatni lnr. 196235, dagsett 16.01.2014, umsókn um byggingarleyfi og breytta notkun á fjósi og hlöðu með fastanúmer 213-7788 og 213-7791 í gistihús. Útlit, brunahönnun og skráningartöflu vantar. Skipulags- og byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið en frestar afgreiðslu þar til fullnægjandi aðaluppdrættir hafa borist. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
4. Virkjanir á veituleið Blöndu. Staðsetning efnislosunarsvæða og frágangur raskaðs yfirborðs. Greinargerð lögð fram til kynningar. Þarfnast ekki staðfestingar í sveitarstjórn.
5. Erindi frá eigendum Marðarnúps lnr. 144689, umsókn um byggjarleyfi til að rífa íbúðarhús, viðbyggingu og geymslu, matshlutar 03, 04 og 17, á jörðinni. Skipulags- byggingarnefnd samþykkir erindið, enda verði úrgangi fargað á löglegan hátt. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
6. Erindi frá Sigríði Ragnarsdóttur í Forsæludal, umsókn um byggingarleyfi til að rífa sumarhús matshluta 13, byggingarár 1985, sem fauk fyrir nokkru síðan. Skipulags- byggingarnefnd samþykkir erindið, enda verði úrgangi fargað á löglegan hátt. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

b. Stjórnar Hveravallafélagsins, dags. 17. desember 2013.

Til kynningar.

c. Stjórnar Byggðasaml- um menningar og atvinnumál, dags. 25. nóv. 2013.

Til kynningar.

d. Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 7. janúar 2014.

Til kynningar.

e. Fulltrúaráðsfundar Textílseturs Íslands, dags. 10. desember 2013.

Til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
143. fundur.

f. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 9. desember 2013.
Til kynningar.

g. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, dags. 7. janúar 2014.
Til kynningar.

h. Stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga, dags. 13. desember 2013.
Til kynningar.

4. Skýrsla KPMG um hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í Austur-Hún.

Á sameiginlegum fundi sveitarfélaga í A-Hún, sem haldinn var í Skagabúð þriðjudaginn 30. apríl 2013, var samþykkt að fela framkvæmdastjórum sveitarfélaganna að útfæra tillögur um vinnulag við úttekt á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í A-Hún.

Í framhaldinu var Oddi G. Jónssyni hjá KPMG falið, með sérstökum samningi um ráðgjöf, að vinna að skýrslu á fjármálalegum upplýsingum og aðstoð við greiningu og samantekt á stærstu hagræðingarmöguleikum væru sveitarfélögin fjögur í Austur-Hún. sameinuð. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna voru helstu tengiliðir sveitarfélaganna við gerð skýrslunnar.

Skýrslan var kynnt á sameiginlegum fundi sveitarstjórnarmanna, sem haldinn var á Blönduósi 3. desember sl. Skýrslan er lögð fram með leiðréttingum sem voru gerðar á henni samkvæmt ábendingum frá fundinum.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps telur það raunhæfan valkost að sameina öll sveitarfélögin í A-Hún og vísar til bókunar sveitarstjórnar þar um frá 16. janúar 2013. Samþykkt var að setja skýrsluna til kynningar á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. Bréf:

a) Frá Tækifæri hf, dags. 03.12.2013.

Efni: Boð um nýtingu forkaupsréttar. Borist hefur tilboð í eignarhluta fjögurra hluthafa í hluthafahópi Tækifæris hf. og nemur greiðslufjárhæð fyrir eignarhluta 49,5% af nafnverði þeirra. Húnavatnshreppi er boðið að nýta forkaupsrétt sinn á hlutabréfunum í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu. Frestur til að ganga inn í tilboðið er til 1. febrúar 2014. Samþykkt var að Húnavatnshreppur nýti ekki forkaupsrétt sinn

b) Frá Vilko ehf, dags. 09.01.2014.

Efni: Boð um nýtingu forkaupsréttar. Byggðastofnun hefur samið um sölu á hluta af eignarhlut stofnunarinnar í Vilko ehf. til Ámundakinnar ehf. Húnavatnshreppi er boðið að nýta forkaupsrétt sinn á þessum hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu. Frestur til að ganga inn í tilboðið er til 9. febrúar 2014. Samþykkt var að Húnavatnshreppur nýti ekki forkaupsrét sinn.

c) Frá ASÍ, dags. 13.01.2014.

Efni: Gjaldskrárhækkunir. Áskorun til sveitarfélagsins um að hækka engar gjaldskrár fyrir þjónustu eða hjá fyrirtækjum sveitarfélagsins. Hafi það verið gert er hvatt til endurskoðunar á þeirri ákvörðun og að umræddar hækkunir verði dregnar til baka.

Sveitarstjórn samþykkti að falla frá fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum á sorpgjöldum og leikskólagjöldum.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
143. fundur.

- d) Frá undirbúningsstjórn um stofnun byggðasamlags um málefni fatlaðra, dags. 15.01.2014.

Efni: Boðað er til stofnfundar byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks miðvikudaginn 29. janúar kl. 13.30 á Kaffi Krók, Aðalgötu 16, Sauðárkróki.

Sveitarfélögin Akrahreppur, Blönduósbær, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing-vestra, Skagabyggð, sveitarfélagið Skagafjörður og sveitarfélagið Skagaströnd hafa öll samþykkt að gerast aðilar að byggðasamlaginu á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórnarfulltrúar eru hvattir til að mæta á stofnfundinn. Lagt fram til kynningar.

- e) Frá Þóru Margréti Lúthersdóttur f.h. Lúthers og Sigríðar, dags. 20.01.2014,

Efni: Óskað er eftir frekari skýringum og rökstuðningi vegna afgreiðlu fjallskilastjórnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar á erindi, dags. 18.11.2013, frá eigendum Forsæludals.

Erindinu er vísað til fjallskilastjórnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar.

6. Önnur mál.

Sveitarstjórn samþykkti að fela sveitarstjóra, oddvita, Guðmundi Halldórssyni og Jakobi Sigurjónssyni að funda, sem fyrst með skólabílstjórum við Húnavallaskóla.

Fleira ekki gert
Fundu slitið kl. 17.05

Þóra Sverrisdóttir

Jóhanna Pálmadóttir

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir.

Magnús R. Sigurðsson

Jón Gíslason

Jens P. Jensen